

Ed.

42. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir „amtsbókasafn Færeyja“ í 1. gr. laganna komi: og bókasafn Siglu-
fjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með Siglfirðingum er vaknaður mikill áhugi á aukinni alþýðumenntun. Hafa þeir nýlega sett á stofn gagnfræðaskóla og bókasafn fyrir almenning, og í ráði er að setja á fót lestrarstofu fyrir almenning, er bókasafninu vex fiskur um hrygg. En erfiður verður kostur bókasafnsins, ef það fær eigi að njóta samskonar réttinda til nýrra bóka og t. d. Ísafjarðarkaupstaður, enda mælir sanngirni með, að svo megi verða. Fyrir því er þetta frumvarp flutt.